



LEIÐBEINANDI RAMMI FYRIR AFREKSSTEFNUR

1. Leiðbeinandi rammi fyrir afreksstefnur á við afreksstefnur sérsambanda ÍSÍ.
2. Afreksstefnan er leiðin að langtímamarkmiðum viðkomandi íþróttagrein og tekur á þeim þáttum sem snúa að afreksstarfi í viðkomandi íþróttagrein.
3. Stefnan ákvarðar þá leið sem sérsambandið og aðilar þess vill starfa eftir og hvernig nýta á auðlindir sambandsins til að ná settum markmiðum. Með auðlindum er jafnt átt við fjármuni, aðstöðu, búnað og mannauð viðkomandi íþróttagrein.
4. Afreksstefnan þarf að taka á eftirfarandi þáttum, s.s.:
 - a. Almenn atriði
 - i. Hvernig og hvenær varð stefnan til, hverjir komu að þeirri vinnu sem og árafjöldi stefnu
 - ii. Ábyrgðaraðilar og nefndir sem koma að hverjum þætti afreksstefnunnar
 - iii. Hlutverk félaga og sérsambands í afreksstarfi
 - b. Almenn þátttaka í íþróttinni og hæfileikamótun
 - i. Hver er staðan í dag og hvaða leiðir á að fara til að auka almenna þátttöku í íþróttagreininni
 - ii. Aldursviðmið í tengslum við afreksstarf
 - iii. Hæfileikamótun sérsambands
 - iv. Kröfur um ástundun og æfingamagn
 - v. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - c. Afreksíþróttafólk
 - i. Skilgreiningar á afrekum í viðkomandi íþróttagrein
 - ii. Skilgreiningar á afrekshópum í viðkomandi íþróttagrein
 - iii. Skilgreiningar á landsliðsverkefnum í viðkomandi íþróttagrein
 - iv. Hvernig er valið í hópa og lið sérsambands
 - v. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - d. Þjálfarar
 - i. Hvernig á að efla hæfni/getu/menntunarstig þjálfara í íþróttagreininni
 - ii. Kröfur til þeirra þjálfara sem koma að afreksþjálfun í viðkomandi íþróttagrein
 - iii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - e. Aðstaða
 - i. Stefna varðandi aðstöðu fyrir afreksstarf íþróttagreinarinnar til æfinga og keppni
 - ii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - f. Fagteymi
 - i. Skilgreining á fagteymi sérsambands og rammi þess málaflokks
 - ii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - g. Fjármögnun
 - i. Fjárhagslegar upplýsingar eða vísan í fjárhagsáætlun sérsambands



-
- ii. Áætlanagerð og hverjir koma að henni
 - iii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
5. Ekki er nauðsynlegt að byggja stefnuna upp á sama hátt og dæmið hér fyrir ofan, svo framarlega sem að fjallað er um ofanverða efnispætti í stefnunni.
 6. Stefnan skal vera til umfjöllunar á sérsambandsþingi eða formannafundi sérsambands ár hvert.
 7. Sérsamband skal leggja áherslu á að kynna stefnuna fyrir aðildarfélögum og deildum, þjálfurum, iðkendum, aðstandendum íþróttamanna og öðrum þeim sem stefnan tengist.
 8. Afreksstefna sérsambands skal vera aðgengileg á heimasíðu viðkomandi sérsambands.
 9. Afreksstefnur sérsambanda ÍSí skulu sendar Afreks- og Ólympíusviði ÍSí til staðfestingar sem jafnframt skal birta afreksstefnur sérsambanda á heimasíðu sinni.
 10. Afreksstefnur sérsambanda ÍSí skulu taka mið af Stefnuyfirlýsingu ÍSí um afreksíþróttir (Afreksstefnu ÍSí) sem er til umfjöllunar á Íþróttáþingi ÍSí.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 14. nóvember 2014.